

**Ed. 932. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 3 gr. Á eftir kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:  
Tekjum samkvæmt lögum þessum skal skipta þannig:  
75% af tekjum samkvæmt lögnum skulu renna til bæjarsjóða og sveit-

arsjóða, og skal skipta þeim milli þeirra eftir þeim reglum, að bæjarsjóður eða sveitarsjóður fá 75% af tekjum þeim, er innheimtast af viðbótar-tekju- og eignarskatti í hlutaðeigandi bæjarfélagi eða sveitarfélagi. .

Mánaðarlega, jafnóðum og viðbótar-tekju- og eignarskattur innheimtist, skal ríkissjóður greiða bæjarsjóði eða sveitarsjóði þann hluta, 75%, er bæjar- eða sveitarsjóði ber samkvæmt þessari grein.

Fé það, er bæjar- og sveitarsjóðir fá í sinn hluta af tekjum samkvæmt lögum þessum, skal varið til atvinnubóta og verklegra framkvæmda í bæjar- eða sveitarfélaginu í samráði við stjórn Alþýðusambands Íslands.